



**Frjálsi**  
lífeyrissjóðurinn

# Yfirferð yfir starfsemi sjóðsins

Arnaldur Loftsson

Framkvæmdastjóri Frjálsa lífeyrissjóðsins





**Frjálsi**  
lífeyrissjóðurinn



Lífeyrissjóður  
Tannlæknafélags  
Íslands



Lífeyrissjóður bænda






Undirritun samnings við Lífeyrissjóð Tannlæknafélags  
Íslands: 20. október 2025





Undirritun samnings við Lífeyrissjóð bænda:  
19. maí 2026



# Sameiningar og samanburður sjóða árið 2025



# Einstök yfirsýn og aðgerðir í Arion appinu




# Frjálsi á samfélagsmiðlum

## Nýjustu upplýsingar á helstu miðlum

### Vefsíða Frjálsa

### Lykilupplýsingar

### Fjöldi sjóðfélaga



#6 Frjálsi er sjötti stærsti lífeyrissjóður Íslands.

-4,8% Tryggingafræðingadeild

### Fréttir

4

stun og metfjöldi greiðandi

### Val á leið

Frjálsi býður upp á tvær leiðir fyrir skyldusparnað sem sjóðfélagar geta valið um. *Frjálsa leiðin* býður upp á mestan sveigjanleika þegar kemur að útgreiðslum en *Erfanlega leiðin* býður upp á mestan erfanleika.

Þú getur breytt um leið hvenær sem er í *Arion appinu* eða á *Mínum síðum Frjálsa*.

Frjálsa leiðin	Erfanlega leiðin
<ul style="list-style-type: none"> <li>44% Frjáls séreign er laus til útborgunar eftir hentugleikum frá 60 ára aldri og erfist að fullu.</li> <li>56% Samtrygging tryggir þér eilífleyni allt frá 60 ára aldri til æviloka, ásamt rétti til örorku-, maka- og barnalífeyris.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>34% Frjáls séreign er laus til útborgunar eftir hentugleikum frá 60 ára aldri og erfist að fullu.</li> <li>42% Bundin séreign er laus til mánaðarlegrar útborgunar allt frá 60 ára aldri til að lágmarki 82 ára aldurs og erfist að fullu.</li> <li>24% Samtrygging tryggir þér eilífleyni allt frá 82 ára aldri til æviloka, ásamt rétti til örorku-, maka- og barnalífeyris.</li> </ul>

Skoða útgreiðslureglur

Ofangreind skipting m.v. 15,5% heildariðgjald.

Nánari upplýsingar um samspil skyldusparnaðar- og fjárfestingarleiða

### LinkedIn

### Facebook

### Fréttir – IPE

## Frétt

# Frjálsi lífeyrissjóðurinn hlýtur alþjóðleg verðlaun fyrir bestu samsetningu lífeyrissparnaðar í Evrópu

09. DESEMBER 2025

Frjálsi var nýlega valinn besti lífeyrissjóður Evrópu í þemaflokknum *Uppbygging lífeyrissjóða* (e. *Defined Contribution and Hybrid Strategies*) af fagtingaritinu *Investment Pension Europe*. Þetta eru sextánda verðlaun Frjálsa í keppninni en hann deilir þeim að þessu sinni með breskum lífeyrissjóði. Það er óhætt að segja að þetta sé mikill heiður fyrir sjóðinn en þetta er í annað sinn sem Frjálsi ber sigur úr býtum í þemaflökki í þessari keppni.

**Arnaldur Loftsson**, framkvæmdastjóri Frjálsa, segir að um sé að ræða virtustu verðlaun sem sjóðurinn hefur fengið. Samkeppnin sé gríðarlega hörð og margir af stærstu og öflugustu lífeyrissjóðum Evrópu taki þátt í keppninni.

„Verðlaunin eru frábær viðurkenning fyrir þá samsetningu lífeyrissparnaðar sem Frjálsi býður sjóðfélögum sínum þar sem 15,5% af skylduðgjaldinu er skipt í séreign og samtryggingu. Sjóðfélagar njóta þess að séreignin, sem getur verið allt að 76% af skylduðgjaldinu, veitir erfanleika og sveigjanleika en samtryggingin mikilvæga tryggingavernd.“

### Instagram

# Frjálsi fékk alþjóðleg verðlaun fyrir bestu samsetningu lífeyrissparnaðar í Evrópu

- Árið 2025 valinn besti lífeyrissjóður í þemaflokknum *Uppbygging lífeyrissjóða* (Defined Contribution and Hybrid Strategies) af fag tímaritinu Investment Pension Europe
- Viðurkenning fyrir þá samsetningu lífeyrissparnaðar sem Frjálsi býður sjóðfélögum sínum
- 15,5% skylduiðgjaldi ráðstafað í séreign og samtryggingu þar sem séreignin veitir sveigjanleika og erfanleika en samtryggingin mikilvæga tryggingavernd
- 16. alþjóðlegu verðlaun Frjálsa
- Hefur m.a. verið valinn:
  - Besti lífeyrissjóður Evrópuþjóða með færri en milljón íbúa
  - Besti lífeyrissjóður á Íslandi
  - Besti lífeyrissjóður Evrópu í sínum stærðarflokki
  - Besti lífeyrissjóður Evrópu í þemaflokknum Uppbygging lífeyrissjóða





**Frjálsi**  
Lífeyrissjóðurinn

# Kynning ársreiknings

Arnaldur Loftsson

Framkvæmdastjóri Frjálsa Lífeyrissjóðsins



# Helstu niðurstöður ársins 2025

Hrein eign  
**594,6**  
milljarðar króna

Sjóðurinn stækkaði  
**11,6%**  
á árinu

Hreinar fjárfestingartekjur  
**37,5**  
milljarðar króna

Hrein eign séreignadeildar  
**393,0**  
milljarðar króna

Heildariðgjöld hækkuðu  
**9,1%**  
á árinu

Lífeyrisgreiðslur hækkuðu  
**21,5%**  
á árinu

Fjöldi virkra sjóðfélaga var  
**28.478**  
á árinu

Fjöldi lífeyrisþega var  
**8.084**  
á árinu



Hrein eign tryggingadeildar  
**201,5**  
milljarðar króna

Tryggingafræðileg staða  
**-1,6%**  
heildareignir umfram heildarskuldbindingar




Hlutfall beins kostnaðar  
**0,19%**  
af meðalstöðu hreinnar eignar


Sjóðfélagar  
**75.214**  
í lok árs

Fjölgaði um  
**2.574**  
á árinu

Nafnávöxtun fjárfestingarleiða




Þróun á stærð í milljörðum króna




# Breyting á hreinni eign 2025

- Rekstur Frjálsa gekk vel á árinu 2025. Þær fjárfestingarleiðir sem hafa hátt hlutfall skuldabréfa skiluðu hæstu ávöxtun.
- Frjálsi stækkaði um 61,8 milljarða kr. á árinu eða um 11,6%.
- Hrein eign fjárfestingarleiða í séreignadeild var samtals 393,0 milljarðar kr.
- Frjálsi 1 er stærsta fjárfestingarleiðin.




## Hrein eign Skipting á milli fjárfestingarleiða




# Þróun sl. 5 ár Helstu tölur

- Iðgjöld greidd í samtryggingarsjóð námu 13,5 ma.kr. og hækkuðu um 3,9% á milli ára
- Iðgjöld greidd í séreignasjóð námu 25,3 ma.kr og hækkuðu um 10% á milli ára.
- Greiddir voru 1,8 milljarðar kr. af viðbótarsparnaði inn á höfuðstól lána og til öflunar íbúðarhúsnæðis.


## Þróun Lágmarksiðgjalda



## Þróun Viðbótariðgjalda




## Þróun Lífeyrisgreiðslna




# Þróun sl. 5 ár Helstu tölur

- Metfjöldi sjóðfélaga sem greiddi iðgjöld í sjóðinn á árinu.
- Greiðandi sjóðfélögum fjölgaði um 752.
- Sjóðfélögum sem áttu séreign eða réttindi fjölgaði um 2.574.
- Lífeyrisþegum fjölgaði um 743.


## Sjóðfélagar Fjöldi greiðandi



## Sjóðfélagar Heildarfjöldi




## Lífeyrisþegar Fjöldi



# Fjárfestingar- tekjur 2025

- Fjárfestingartekjur að frádregnum kostnaði endurspegla ávöxtun sjóðsins.
- Tekjur af verðbréfaeign, innlánnum og ýmsum fjárfestingum á árinu 2025 námu um 37,9 milljörðum króna.

Skuldabréf er sá eignaflokkur sem skilaði mestu tekjum




# Beinn kostnaður 2025

- Stærsti hluti kostnaðar sjóðsins er sú umsýsluþóknun sem sjóðurinn greiðir til Arion banka fyrir rekstur sjóðsins, um 829 milljónir kr. eða 0,15% af meðalstöðu hreinnar eignar sjóðsins.


## Skýring 6.1 Rekstrarkostnaður

687 m.kr.



## Skýring 5.5 Bein fjárfestingargjöld


402 m.kr.




# Þróun kostnaðar

- Hlutfall beins kostnaðar hefur farið ört lækkandi síðastliðin ár.
- Lækkunina má rekja til stækkunar sjóðsins og að samið hefur verið um að hlutfallsleg umsýsluþóknun Arion banka lækki.
- Óbeini kostnaðurinn hefur hækkað síðastliðin ár vegna aukinnar fjárfestingar í erlendum sérhæfðum fjárfestingum.
- Hlutfall beins kostnaðar er að meðaltali 0,30%\*. Frjálsi er undir meðaltali.
- Hlutfall óbeins kostnaðar er að meðaltali 0,34%\*. Frjálsi er undir meðaltali.

Hlutfall beins kostnaðar  
0,19%



Hlutfall óbeins fjárfestingarkostnaðar  
0,29%




# Tryggingafræðileg athugun 2025

## Tryggingafræðileg staða lækkaði á milli ára Samanburður


	2025	%	2024	%
Áfallin staða	-12 milljarða kr.	-5,8%	-9 milljarða kr.	-4,8%
Framtíðarstaða	6 milljarða kr.	2,9%	5 milljarða kr.	2,8%
Heildarstaða	-7 milljarðar kr.	-1,6%	-4 milljarðar kr.	-1,1%

Þróun sl.  
5 ár



# Áætluð breyting á hreinni eign 2026

- Áætluð þróun á stærð sjóðsins fyrstu fimm mánuði ársins 2026\*.
- Miklar sveiflur á verðbréfamörkuðum en fjárfestingartekjur eru jákvæðar.





**Frjálsi**  
lífeyrissjóðurinn

# Fjárfestingarleiðir

Ávöxtun og eignasamsetning

Hjörleifur Arnar Waagfjörð


Forstöðumaður eignastýringar fagfjárfesta



# Sveiflukennt ár á mörkuðum

- Árið 2025 var sveiflukennt á fjármálamörkuðum. Viðvarandi verðlagshækkunir, háu vaxtastigi, vaxtalækkunum og alþjóðlegri pólitískri spennu.
- Erlendir hlutabréfamarkaðir skiluðu góðri ávöxtun en veiking USD móti ISK dró heldur úr.
- Innlendi hlutabréfamarkaðurinn var krefjandi.
- Íslenska krónan líkt og fyrri á var stöðug, mæld frá ári til árs.
- Aukin áhersla hefur verið á erlendar eignir síðustu ár, aukin dreifing áhættu og talið styðja við langtímaávöxtun.
- Innlend skuldabréfaleið, bæði verðtryggð og óverðtryggð skiluðu heilt yfir góðri ávöxtun á árinu.

## Þróun Markaða árið 2025



\*M.v. OMXI til 5 ára.

\*\*Breyting á VNV 31.12.2024-31.12.2025.

Innlend hlutabréf: Úrvalsvísitalan OMXI15CAP.

Erlend hlutabréf: Heimsvísitala hlutabréfa (MXWO).




# Frjálsi áhætta

- Frjálsi áhætta, áhættumesta fjárfestingarleið sjóðsins, skilaði 6,0% nafnávöxtun á árinu. Fimm ára ávöxtun leiðarinnar er 7,3% á ársgrundvelli.
- Erlend hlutabréf skiluðu meira en helmingi af framlagi til ávöxtunar árið 2025.
- Frjálsi áhætta er ekki hluti af ævilínu en er ætluð þeim sem eru tilbúin að taka heldur meiri áhættu með von um heldur hærri ávöxtun til langs tíma en eru tilbúin að þola mögulegar skammtímasveiflur í ávöxtun á mót.
- Í Frjálsa áhættu er hlutfall hlutabréfa og hlutabréfatengdra afurða hæst og má því í sögulegu ljósi búast við að langtímaávöxtun verði hærri en í öðrum leiðum en að sama skapi eru meiri líkur á sveiflum í ávöxtun.


Nafnávöxtun 2025  
**6,0%**

Raunávöxtun 2025  
**2,2%**

## Ávöxtun á ársgrundvelli til lengri tíma



Eignasamsetning  
31.12.2025




# Frjálsi 1

- Frjálsi 1, stærsta, elsta og fjölmennasta fjárfestingarleið sjóðsins, skilaði 5,8% nafnávöxtun á árinu. Fimm ára ávöxtun leiðarinnar er 7,0% á ársgrundvelli.
- Innlend skuldabréf skiluðu hæsta framlaginu til heildarávöxtunar árið 2025.
- Frjálsi 1 er hluti af ævilínu. Þessi leið hentar fólki á aldrinum 54 ára og yngri sem að öllu jöfnu þola skammtímasveiflur í ávöxtun.
- Hlutfall hlutabréfa í þessari leið er hæst af þeim leiðum sem er hluti af Ævilínu.


Nafnávöxtun 2025  
**5,8%**

Raunávöxtun 2025  
**2,0%**

## Ávöxtun á ársgrundvelli til lengri tíma



Eignasamsetning  
31.12.2025




# Frjálsi 2

- Frjálsi 2 skilaði 7,0% nafnávöxtun á árinu en fimm ára ávöxtun leiðarinnar er 6,4% á ársgrundvelli.
- Innlend skuldabréf skiluðu hæsta framlagi til ávöxtunar árið 2025.
- Frjálsi 2 er partur af ævilínu. Þessi leið hentar fólki á aldrinum 55 ára og eldri sem vill heldur minni skammtímasveiflur í ávöxtun en í áhættumeiri leiðum.
- Í Frjálsa 2 er hlutfall skuldabréfa hátt og má því búast við að langtímaávöxtun geti verið jafnari en í Frjálsa 1 og Áhættu.


Nafnávöxtun 2025  
**7,0%**

Raunávöxtun 2025  
**3,2%**

## Ávöxtun á ársgrundvelli til lengri tíma



Eignasamsetning  
31.12.2025




# Frjálsi 3

- Frjálsi 3 skilaði 8,6% nafnávöxtun á árinu en fimm ára ávöxtun leiðarinnar er 6,3% á ársgrundvelli.
- Frjálsi 3 er hluti af ævilínu.
- Þessi leið er ætluð lífeyrisþegum og öðrum sem vilja að jafnaði minni sveiflur í ávöxtun.
- Í Frjálsa 3 er stærsti hluti safnsins í blönduðu safni skuldabréfa og að auki í innlánunum.


Nafnávöxtun 2025  
**8,6%**

Raunávöxtun 2025  
**4,7%**

## Ávöxtun á ársgrundvelli til lengri tíma



Eignasamsetning  
31.12.2025




# Frjálsi trygginga- deild

- Tryggingadeild sjóðsins skilaði 6,7% nafnávöxtun á árinu.
- Fimm ára nafnávöxtun leiðarinnar er 6,5% á ársgrundvelli.
- Innlend skuldabréf skiluðu hæsta framlagi til ávöxtunar árið 2025.


Nafnávöxtun 2025  
**6,7%**

Raunávöxtun 2025  
**2,9%**

Ávöxtun á ársgrundvelli til  
lengri tíma




Eignasamsetning  
31.12.2025



# Frjálsi Samantekt

- Áhættuminni leiðir skila hæstu ávöxtun árið 2025.

## Nafnávöxtun fjárfestingarleiða árið 2025



# Innlent skuldabréfasafn

## Frjálsi heild

- Um fjórðungur skuldabréfasafns er í ríkisskuldabréfum, um fjórðungur í fyrirtækjabréfum og um einn fimmti í skuldabréfum fjármálafyrirtækja.
- Helstu breytingar á milli ára er aukinn þungi í skuldabréf fyrirtækja og fasteignaveðtryggð bréf. Hlutfall ríkis- og sveitarfélagabréfa lækkar á móti lítillega á milli ára. Hlutfall fjármálafyrirtækja stendur nokkuð í stað.


### 10 stærstu útgefendur skuldabréfa fyrirtækja – hlutfall af heildareignum

Orkuveita Rvk - Skuldabréf	2,5%
Reitir fasteignafélag	2,0%
Eik fasteignafélag hf.	1,3%
Heimar hf.	1,2%
Landsbréf – BÚS I	0,9%
Kaldalón hf	0,6%
A/F HEIM slhf.	0,5%
Útgerðarfélag Reykjavíkur hf.	0,3%
Alma íbúðafélag hf.	0,3%
Ljósleiðarinn ehf.	0,3%
<b>Samtals af heildareignum</b>	<b>9,9%</b>

### Skuldabréf bæjar og sveitarfélaga – hlutfall af heildareignum

Lánasjóður sveitarfélaga	1,4%
Reykjavíkurborg	1,4%
Félagsbústaðir hf.	0,5%
Garðabær	0,2%
Sveitarfélagið Árborg	0,1%
Kópavogsbær	0,1%
<b>Samtals af heildareignum</b>	<b>3,7%</b>

## Samsetning innlenda skuldabréfasafnsins



### Skuldabréf fjármálafyrirtækja og annarra lánastofnana – hlutfall af heildareignum

Landsbanki Íslands	3,5%
Arion banki	3,3%
Íslandsbanki	2,6%
Kvika banki	0,1%
<b>Samtals af heildareignum</b>	<b>9,5%</b>



# Innlent hlutabréfasafn

## Frjálsi heild

- Stærstu eignir í skráða innlenda safninu eru Arion banki, Íslandsbanki og JBT Marel.
- Stærstu eignir í óskráða innlenda safninu eru eign í HS Orku, HS Veitum og Bláa Lóninu.
- Ný framtaksfjárfesting á árinu var þátttaka í hlutafjáraukningu í Dröngum sem er samstæða Orkunnar, Lyfjavals, Löðurs og Nettó auk annarra matvöruverslanna.
- Nýir framtakssjóðir á árinu voru SÍA V, Horn V, Brunnur III.


### 10 stærstu skráðu innlendu hlutabréfin\* - hlutfall af heildareignum

Arion banki hf.	2,1%
Íslandsbanki hf.	1,2%
JBT Marel Corporation	1,0%
Sjóvá-Almennar tryggingar hf.	0,7%
Festi hf.	0,6%
Skagi hf.	0,5%
Reitir hf.	0,5%
Skel fjárfestingarfélag hf.	0,4%
Kvika banki hf.	0,4%
Alvotech SA	0,4%
<b>Samtals af heildareignum</b>	<b>7,8%</b>



### 10 stærstu óskráðu innlendu hlutabréfin – hlutfall af heildareignum

Jarðvarmi slhf. (HS Orka)	0,7%
HSV eignarhaldsfélag slhf. (HS Veitur)	0,6%
Bláa Lónið hf.	0,5%
Horn IV slhf. (Framtakssjóður)	0,3%
SRE III slhf. (Framtakssjóður)	0,3%
TFII slhf. (Framtakssjóður)	0,2%
SÍA IV slhf. (Framtakssjóður)	0,2%
VEX I slhf. (Framtakssjóður)	0,2%
Drangar hf.	0,2%
Innviðir fjárfestingar slhf. (Innviðasjóður)	0,2%
<b>Samtals af heildareignum</b>	<b>3,4%</b>



# Erlend hluta- og skuldabréf

## Frjálsi heild

- Stærstu eignir í erlendum hlutabréfum eru í heimsvísitölusjóðum Vanguard og State Street, samtals um 14% af heildarsafni.
- Fjárfesting í erlendum hlutabréfasjóðum var aukin á árinu og hækkaði hlutfallið nokkuð milli ára.
- Hlutfall erlendra skuldabréfa lækkaði á móti.

### 10 stærstu erlendu hlutabréfasjóðirnir – hlutfall af heildareignum

Vanguard - Global Stock Index Fund	6,1%
SSgA World Index Fund EUR	4,6%
Capital Group New Perspective Fund	3,4%
SSgA World Index Fund USD	3,3%
Katla Fund Global Value	1,7%
Vanguard – European Stock Index Fund	1,5%
Fidelity Emerging Markets Equity Fund	1,4%
JPMorgan Funds – Global Focus	1,2%
Seilern World Growth	1,0%
iShares Core MSCI World	0,9%
<b>Samtals af heildareignum</b>	<b>25,1%</b>




### 10 stærstu erlendu skuldabréfasjóðirnir, sjóðir og innlán – hlutfall af heildareignum

JPMorgan - Standard MM EUR	0,7%
PIMCO GIS - Global Bond Fund	0,7%
PIMCO GIS - Euro Income Bond	0,5%
PIMCO GIS - Income Fund	0,5%
Bandarísk ríkisbréf	0,4%
JPMorgan - Global Bond Opport. Fund	0,4%
Gjaldeyrisinnlán	0,4%
DNB Fund - High Yield Inst. EUR	0,2%
Fidelity - Global Bond Fund I Acc.USD	0,2%
Skuldabréf fjármálafyrirtækja	0,1%
<b>Samtals af heildareignum</b>	<b>4,1%</b>



# Innlendar sérhæfðar fjárfestingar

- Frjálsi lífeyrissjóðurinn hefur markvisst aukið vægi innlendra sérhæfðra fjárfestinga frá 2008.
- Súlurnar sýna hagnað eða tap í milljónum króna af einstakri fjárfestingu. Heildarhagnaður er yfir 15 milljarða króna.
- Dökku súlurnar merkja þær fjárfestingar sem hafa lokið sínum líftíma.




15.375

## Innlendar sérhæfðar fjárfestingar

Júní 2026



**Egill Tryggvason**  
Sjóðstjóri

Frjálsi lífeyrissjóðurinn leggur áherslu á gagnsæi og að sjóðfélagar hafi greiðan aðgang að upplýsingum um starfsemi sjóðsins. Á vefsíðu Frjálsa má finna lykilupplýsingar með helstu upplýsingum um rekstur og fjárfestingar. Í þessari umfjöllun verður farið yfir hvernig sjóðurinn hefur nálgast uppbyggingu á innlendum sérhæfðum fjárfestingum ásamt því að stiklað verður á stóru um einstakar fjárfestingar.

Sem langtímafjárfestir hefur Frjálsi bæði svigrúm og möguleika til að byggja upp vel dreift eignasafn til lengri tíma. Í því samhengi gegna innlendar sérhæfðar fjárfestingar mikilvægu hlutverki í heildarsamsetningu eignasafnsins, oft byggir ávöxtun þeirra á öðrum drifkröftum en til að mynda hefðbundnir skráðir fjármálagerningar og tengjast oft síður skammtímasveiflum á fjármála-mörkuðum.

Með sérhæfðum fjárfestingum er yfirleitt átt við fjárfestingar sem eru frábrugðnar hefðbundnum hlutabréfa- og skuldabréfafjárfestingum að því leyti að þær eru oft óskráðar, með lengri binditíma og takmarkaðan seljanleika til skemmri tíma. Aðgengi fagfjárfesta, svo sem lífeyrissjóða, að þessum eignaflokki hefur bæði verið í formi beinnar fjárfestingar eða óbeinnar fjárfestingar í gegnum ýmiss konar form af sérhæfðum sjóðum.


# Erlendar sérhæfðar fjárfestingar

- Frjálsi lífeyrissjóðurinn hefur markvisst aukið vægi erlendra eigna í eignasafni sínu eftir að gjaldeyrishöft voru afnumin árið 2017.
- Í fjárfestingarstefnu sjóðsins árið 2020 var tekin ákvörðun um að byggja upp safn erlendra sérhæfðra fjárfestinga.
- Slíkar fjárfestingar eru oft í formi fjárfestinga í óskráðum sjóðum, sem hafa takmarkaðan seljanleika til skemmri tíma og fela í sér langtímabindingu.
- Sjóðurinn hefur undanfarin sex ár skuldbundið sig til þátttöku í mörgum erlendum sérhæfðum fjárfestingum.

## Samsetning eignasafns



## Hlutfall erlendra sérhæfðra fjárfestinga hjá Frjálsa TRD



**Erlendar sérhæfðar fjárfestingar**  
Mars 2026

**Ásgeir Bragason**  
Sjóstjóri

**Halldór Grétarsson**  
Sjóstjóri

Erlendar sérhæfðar fjárfestingar hafa á síðustu árum orðið veigamikill hluti af eignastýringu lífeyrissjóða. Sem langtímafjárfestir, sem í flestum tilfellum hefur stöðugt innstreymi iðgjalda og skuldbindingar sem ná yfir marga áratugi, hefur lífeyrissjóður bæði svigrúm og skyldu til að byggja upp vel dreift eignasafn sem skilar stöðugri raunávöxtun til langs tíma. Í því samhengi gegna sérhæfðar óskráðar fjárfestingar mikilvægu hlutverki, þar sem ávöxtun þeirra byggir á öðrum drifkröftum en hefðbundinna skráðra eigna og tengist síður skammtíma-sveiflum á mörkuðum.

Þessi eignaflokkur býður upp á tækifæri til að taka þátt í alþjóðlegri verðmætasköpun, meðal annars í gegnum rekstrarumbætur fyrirtækja, verkefnum sem stuðla að þróun og styrkingu innviða og sérhæfðum fjármögnunarleiðum. Eðlisþættir þeirra, þar á meðal langur líftími, takmarkaður seljanleiki og verðmætasköpun sem þróast yfir líftímann og kemur að stærstum hluta fram á lokastigum sjóðanna, henta vel fjárfestum sem geta nýtt sér lengri tíma til að hámarka ávöxtun. Með markvissri uppbyggingu og dreifingu milli ólíkra fjárfestinga geta slíkar fjárfestingar styrkt heildarsamsetningu eignasafnsins og stuðlað að betra jafnvægi og ávöxtun til framtíðar.

NEW MOUNTAIN CAPITAL

Bridgepoint

CVC CAPITAL PARTNERS

ALPINVEST

STEPSTONE


CARLYLE

HARBOURVEST

# Frá vaxtalækkunarvonum til aukins aðhalds

- Á fyrri hluta árs 2026 hafa fjármálamarkaðir einkenst af aukinni óvissu, þar sem spenna á alþjóðamörkum, meðal annars tengt átökum í Miðausturlöndum, og sveiflur í orkuverði hafa haft veruleg áhrif á alþjóðlega markaði.
- Þrátt fyrir ágætan undirliggjandi efnahagsstyrk í helstu hagkerfum hefur þrálát verðbólga og hækkandi orkuverð leitt til þess að væntingar um vaxtalækkunir hafa dregist saman, sem hefur einnig haft áhrif á vaxtahorfur og fjármálaskilyrði hér á landi.
- Þróun milli eignaflokka hefur verið misjöfn, þar sem erlendir hlutabréfamarkaðir hafa að hluta notið stuðnings af tæknigeiranum, á meðan hátt vaxtastig og aukin óvissa halda aftur af áhættuvilja og fjárfestingu, bæði erlendis og á innlendum markaði, og gera má ráð fyrir áframhaldandi sveiflum.

## Þróun markaða, frá áramótum til 27. maí 2026



## Ávöxtun fjárfestingarleiða

